



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

### Fréttatilkynning

28. júní 2024

## Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

### Þriðji ársfjórðungur 2024

- Útgáfa ríkisbréfa á árinu 2024 verður aukin um **30 ma.kr.** að söluvirði frá fyrri áætlun.
- Á þriðja ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **25-35 ma.kr.** að söluvirði.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir flokkar ríkisbréfa og mun stærð flokka og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

### Útgáfa á árinu

Í lok hvers árs birta Lánamál ríkisins áætlað útgáfumagn ríkisbréfa fyrir komandi ár. Í lok árs 2023 var tilkynnt að áætluð útgáfa myndi nema 120 ma.kr. að söluvirði á árinu 2024<sup>1</sup>. Þegar útgáfuáætlunin var birt voru takmarkaðar upplýsingar sem lágu fyrir um þau útgjöld sem gætu fallið á ríkissjóð vegna jarðhræringanna á Reykjanesskaga. Til að mæta þessum útgjöldum hefur verið ákveðið að auka útgáfumagn ríkisbréfa um **30 ma.kr.** eða úr 120 ma.kr. í 150 ma.kr. á yfirstandandi ári. Útgáfa ríkisbréfa á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 84 ma.kr. að söluvirði þannig að útgáfan á seinni helmingi ársins er áætluð 66 ma.kr.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi er áætluð á bilinu **25-35 ma.kr.**

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í vixlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.